

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2015, fimmtudagurinn 12. febrúar, var haldinn 131. fundur Hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn Vesturgarði og hófst kl. 12.05. Viðstaddir voru: Teitur Atlason, Hulda Gísladóttir, Börkur Gunnarsson, Reynir Guðmundsson, Kjartan Magnússon, Bjarni Þór Sigurðsson og Rakel Dögg Óskarsdóttir. Einnig voru Sigprúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri Vesturgarðs og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, verkefnastjóri í Vesturgarði sem jafnframt ritaði fundargerðina. Gestir fundarins var Sesselja Ingibjörg Jósefsdóttir skólastjóri Hagaskóla, Birgir Pröstur Jóhannsson og Charlotte Böving frá Íbúasamtökum Vesturbæjar.

Þetta gerðist:

1. Skólastjóri Hagaskóla kemur og ræðir um málefni skólans: Sesselja Ingibjörg kom og fór yfir stöðu skólans, en ýmis mál hafa verið töluvert í umræðunni sl. mánuði. Verið er að vinna að farsælli lausn í samvinnu skólans og annarra fagaðila sem að skólanum koma.

- Kl. 12.25 tekur Marta sæti á fundi.

Bókun Hverfisráðs Vesturbæjar:

Hverfisráð Vesturbæjar þakkar skólastjóra Hagaskóla fyrir kynningu á stöðu mála í skólanum. Hverfisráð Vesturbæjar telur að vel hafi verið brugðist við vandamálum, sem upp hafa komið meðal nemenda á vettvangi skólans og annars staðar í hverfinu og vill þakka fyrir það. Hverfisráðið lýsir yfir eindregnum stuðningi við skólastjórnendur, kennara og aðra starfsmenn Hagaskóla, Reykjavíkurborgar, Frostaskjól, Vesturgarðs og Knattspyrnufélags Reykjavíkur, sem vinna ötullega að lausn umræddra vandamála.

- Kl. 12:35: Ingibjörg Sesselja vísar af fundi.

2. Bréf frá SFS um stöðu mála hjá skólum í Vesturbænum: Í bréfinu er fjallað um þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á komandi ári. Lýsti Hverfisráð Vesturbæjar yfir mikilli ánægju með væntanlegar breytingar á mótuneytum í grunnskólum Vesturbæjar, en liðnum vegna Vesturbæjarskóla í ofangreindu bréfi var frestað til næsta fundar.

- Kl. 12.40: Börkur vísar af fundi.

3. Erindi um menningarhús: Hverfisráð þakkar fyrir góða hugmynd, en hugmynd þessi gengur út á að stofna menningarhús í stað gamallar verslunar(sjoppu) og vídeoleigu sem lokaði síðastliðið haust. Hverfisráð finnst eðlilegra að skoða þá möguleika að nýta húsnæði sem borgin á nú þegar með það fyrir augum að styðja við starfsemi sem þessa. Ráðið hvetur viðeigandi aðila til að koma á fund hverfisráðs til að kynna nánari útfærslu á menningarhúsi.

4. Skýrsla frá Capacent fyrir niðurstöður Vesturbæjar – „Þjónusta í hverfum Reykjavíkur“: Sigprúður framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar fór yfir könnun frá Capacent sem gerð var í desember 2014. Í könnun þessari kemur Vesturbærinn almennt vel út hvað varðar þjónustu við íbúa í Vesturbæ og hrósaði Hverfisráðið starfsmönnum Þjónustumiðstöðvarinnar fyrir þann árangur sem náðst hefur í þjónustu við íbúa hverfisins.

Fundi slitið kl. 13.05

Teitur Atlason

Hulda Gísladóttir
Reynir Guðmundsson
Bjarni Þór Sigurðsson

Marta Guðjónsdóttir
Kjartan Magnússon